



Hinn innri (tónlistar)maður toppmannanna Guðmundar Jónssonar og Jens Hanssonar úr Sálinni nær loks fram á nýrri breiðskífu sem kemur út í enda mánaðarins. Guðrún Kristjánsdóttir kannaði hugarheim Zebradúettsins, nýja tónlistartíma og heimspekina þar að baki.

# Zebra: gítar og sax

Ellifar hræringar í henni hljómsveitarveröld hafa orðið til þess að félagarnir Jens Hansson saxófónleikari og gítarleikarinn Guðmundur Jónsson, núverandi meðlimir Sálarinnar hans Jóns míns, ætla næstu daga að gefa út tónlist sem lengi hefur mallað innra með þeim. Þessir svarthvítu menn sálarinnar hafa nefnt dúettinn sinn zebra, af augljósum ástæðum, jafnólkir og þeir eru.

Byrjum á byrjuninni: „Um það bil sem Sálín var að fara í pásu á sínum tíma hófum við Jenni að vinna að sameiginlegu áhugamáli sem við köllum hljóðsarp. Það var reyndar í fyrstu bara svona upp á fönnið — breik frá því að vera í hljómsveit. Þegar við vorum svo byrjaðir með öðrum hljómsveitum héldum við áfram að hittast af og til. Og nú var bara komið að þeim tímamarki að það var eiginlega ekkert annað að gera í stöðunni en að halda áfram og klára dæmið.“

Jens: „Já, við ýttum okkur má segja út í þetta sjálfir — með okkar gítar og sax en allt hitt tölvunnið.“

Guðmundur: „Líkt og í dansmúsíkinni byggjum við tónlistina meðal annars á gömlum trommulúpum, vinnum þær í tölvu og skellum á þær þeim hljóðfærum sem við kunnum best á. Þar að auki setjum við gítarinn og saxinn líka í önnur hlutverk en fólk á að venjast. Nú og svo syng ég í fyrsta sinn inn á plötu án þess að vera bakrödd. En það er meira svona í anda Pink Floyd; í bland við langa instrúmental kafla. Þetta er altént ekki sú tegund tónlistar sem þarf á andlíti að halda.“

Jens: „Ég vil taka það fram að þótt einhver hafi greint í okkur Pink Floyd hefur engum, sem hlustað hefur á tónlist okkar, dottið í hug það sama. Tónlistin er mikið unnin og virkar þar af leiðandi mjög misjafnlega á fólk.“

Guðmundur: „Að minnsta kosti þurfum við ekkert að hafa áhyggjur af því að Zebra fari sveitaballarúntinn og svo má bóka það að þeir sem sækja pöbbana verða lausir við okkur.“

Jens: „Lagasmíðar okkar eru það fjölbreyttar að örugglega fáum kemur til hugar að setja okkur á fóninn á föstudagskvöldi fyrir ball. Platan virkar best í heilu lagi.“

Guðmundur: „Lögin? Þau eru að mestu unnin í stúdíói. Við gerðum samning við Rafn Jónsson, sem er með okkur í þessu dæmi, um að fá að nota stúdíóið á dauðum tímum. Við læddumst því inn í stúdíóið eins og þjófar á nóttu og frömdum okkar myrkaverk.“

Jens: „Öll þessi tölvu- og stúdíóvinna gerir líka að verkum að erfitt verður að spila þessa tónlist læf.“

Guðmundur: „Kannski eigum við þó eftir að spila eitthvað læf. Við þurfum að leggjast undir feld með það hvernig við leysum það vandamál. — Textinn? Hann er á ensku, einhverju ensku hrognamáli. Já, ísl-ensku. Við erum hins vegar ekki í þessum fréttaskýringum, — frekar súrrealískir. Textinn á enda að hjálpa til við áhrifin af tónlistinni.“

Jens: „Hvort Sálín er að



Mynd: Jim Smart

Guðmundur Jónsson og Jens Hansson, sálmar í Zebra, frömdu myrkaverk í stúdíói Rafns Jónssonar. Diskur með hljóðsarp, gítar og saxi kemur út síðar í mánuðinum.

hætta? Nei, nja... við spilum að minnsta kosti fram að áramótum þar til annað kemur í ljós.“

Guðmundur: „Landslagið hefur breyst svo mikið í poppransanum að það er orðið fáránlegt að halda úti hljómsveit á Íslandi ár eftir ár. Svo mikið er víst að ekki lifir maður lengur af þessu. Það er bara þessi eldur í manni sem heldur manni gangandi og gerir að verkum að maður ræðst í það glapræði að gefa út plötu.“

Jens: „Við reynum að gera eins mikið og við mögulega get-

um sjálfir, þannig að við þurfum ekki að selja plötuna í einhverjum hundruðum eintaka.“

Guðmundur: „Málið var heldur ekki að verða eitthvert „hit“ heldur bara koma þessu frá sér.“

Jens: „Það selur heldur enginn orðið í gegnum spilun í útvarpi. Til marks um nýja tíma þykir nú toppurinn að selja á milli 2.500 og 3.000 eintök á meðan ekki dugði minna en 10.000 eintök fyrir fáeinum árum.“

Guðmundur: „Það á sér ef til

vill þær skýringar að nýtt diskótímabil er í gangi; tímabil þeirra DJ Sigtryggs og Ásgríms og allra hinna snúðanna. Til að slá í gegn þarf maður að kunna að snúa plötum. En það er líka í góðu lagi.“

Jenni: „Þessir gæjar eiga rétt á sér eins og allir aðrir í bransanum.“

Guðmundur: „Stöðug endurnýjun er líka eðli popptónlistar. Unga fólkid gerir alltaf uppreisn gegn því sem fyrir er. Það þýðir ekkert að vera að eltast við það. Maður verður bara að

vera trúr sjálfum sér.“

Jens: „Það skiptir öllu máli.“

Guðmundur: „Og í rauninni hefur það alltaf verið þannig. Þegar SSSól, Sálín og Todmobile komu fram á sínum tíma varð viss sprengja og sveitaböllin urðu aftur vettvangur rokk-tónlistar. Það skeið er nú á enda runnið. Nú er það dans-tónlistin, eða hvað það nú kallast.“

Jens: „Okkur gekk nú ágætlega með Sálinni í sumar... við náðum bæði í gamla aðdáendur og nýja... hahaha...“